

15. fundur í unglingslandsmótsnefnd 8. maí 2019 í Nýheimum

Mætt voru Ómar Bragi, Kristján Örn, , Matthildur, Íris Heiður, Gunnhildur Lilja, Kristín Gyða, Jónína Kristín, Gunnar Ingi, Ragnheiður, Jens, Sigurður Óskar, Gísli Már, Lárus Páll og Jóhanna Íris sem ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

Fundur settur kl 19:10

1. Ómar fór yfir málin og sagði frá því að hann hefði hitt afþreyingarteymið og Öryggisteymið fyrr um daginn. Búið er að bóka alla skemmtikrafta fyrir kvöldvökur og verið er að ganga frá samningum við þá.

Öryggisteymið saman stendur af sjúkraflutningamönnum, lækni, hjúkrunarfræðingi, forstjóra heilbrigðisstofnunarinnar, slökkviliði, lögreglu og björgunarsveit.

Fram kom á þeirra fundi að tala þurfi við Vegagerðina um þrengingar á Hafnarbrautinni frá „pípuhliði“ að Hlíðartúni. Jóhanna Íris fer í það.

Einnig var rætt um hvort hægt væri að setja tímabundið rör í austurenda skurðanna til þess að tengja saman landsmótsflatirnar, þó ekki túnið á tjaldsvæðinu. Það væri gert til þess að hægt yrði að búa til einstefnuhring í gegnum tjaldsvæðið til þess að auðvelda akstur á tjaldsvæðinu og þá yrði farið út á öðrum stað en komið er inn. Matta ræðir þetta við Gulla.

Athuga þarf hvort hægt sé að hafa Lyfju opna í stuttan tíma á laugard. og jafnvel sunnud.

2. Búið er að ráða Gísla Má Vilhjálmsson sem starfsmann mótsins (það á þó eftir að skrifa undir samninginn) og verða hans fyrstu verk að klára styrktarbeiðnir í samstarfi við Ómar.
3. Lárus spurði út í lyftingar og hvort hægt væri að hafa þær sem keppnisgrein. Ákveðið var að ekki yrði reynt að finna aðila til þess að sjá um þær og kosta áhöld og búnað hingað þar sem mjög fáir keppendur hafa tekið þátt í síðustu skipti en ef einhver hefur brennandi áhuga á að halda keppnina og sjá um hana frá a-ö verður það skoðað.
4. Jóhanna greindi frá því að bæði USÚ og Sindri hefðu fengið styrkbeiðni m.a frá fimleikadeildinni um kaup á stökkdýnu. Hún spurði, þar sem styrkurinn frá ríkinu var eyrnamerkur í ákveðin verkefni hvernig sveitarfélagið hefði séð fyrir sér áhaldakaup fyrir deildirnar svo ekki væri verið að sækja um á öllum stöðum og enginn gæti gefið almennileg svör. Ákveðið var að keppnisstjórar myndu fá frá sérgreinastjórum lista með þeim áhöldum sem vantar til þess að hægt sé að halda keppni. a. Það sem bráðnauðsynlega þarf og vantar b. Það sem væri mjög gott að hafa en hægt að bjarga sér án.

Hluti af styrknum frá mmrn er merktur viðhaldi á tartanbraut en forstöðumaður íþróttamannvirkja og formaður USÚ telja það vera part af rekstri vallarins og hvort nýta mætti styrkinn í eitthvað sem ekki fellur undir almennan rekstur hjá sveitarfélaginu. Matta skoðar það.

5. Ekki er búið að biðja um leyfi hjá skólastjóra um nýtingu á Heppuskóla og mögulega eldhússal Hafnarskóla. Matta felur Rögggu það mál.

6. Jónína spurði hvort að UMFÍ væri með samning við stór fyrirtæki eins og Mylluna eða MS. Ómar sagði svo ekki vera en oft hefði verið hægt að landa góðum samningi við MS. Upp kom sú spurning hvort ekki þyrfti að nota Matís við gerð matar.
Jóhanna kom með þá tillögu að hafa aðstöðu fyrir sjálfboðaliða til matar í stað matarmiða sem fólk fengi og gæti náð sér í úr sjoppum. T.d. ef kalt er í veðri finnst fólk gott að koma inn og setjast niður (sjálfboðaliðar, keppnisstjórar, dómara) spjalla, hlýja sér og borða áður en haldið er áfram. Það var ánægja með þetta fyrirkomulag á síðasta móti sem haldið var á Höfn.

Fundi slitið 19:50